

ARFLEIFÐ JÓNS SIGURÐSSONAR

SKÝRSLA NEFNDAR
UM INNTAK, STJÓRNSÝSLU OG MIÐLUN

Forsætisráðuneytið

September 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstaða	3
Hrafnseyri	4
Háskóli Íslands	4
Þjóðminjasafn Íslands	5
Jónshús	5
Gjöf Jóns Sigurðssonar	5
Vestfjarðastofa og Byggðasafn Vestfirðinga	5
www.jonsigurdsson.is	6
Rýnifundur 6. maí 2019	6
Framtíðarsýn og grunnstoðir stefnu	8
Grunnstoðir; markmið og lykiláherslur	9
Uppbygging á Hrafnseyri	10
Áfangaskipt áform	11
Breytt nálgun í stjórnsýslu	12
Markmiðin ráði för	13
Metnaðarfull framtíðarsýn	14

Inngangur

Í desember 2018 skipaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra nefnd sem falið var það verkefni samkvæmt erindisbréfi að *gera tillögur um framtíðarstarfsemi á Hrafnseyri við Arnarfjörð og fyrirkomulag hennar, ásamt því að skoða mögulega samlegð eða tengingu þeirrar opinberu menningarstarfsemi sem tileinkuð er ævi og minningu Jóns Sigurðssonar*. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar helstu stofnana hins opinbera, sem fara með skilgreint hlutverk gagnvart minningu og arfleifð Jóns Sigurðssonar, auk fulltrúa byggðarlagsins sem fer fyrir margháttaðu menningarstarfi á Vestfjörðum.

Nefndin var þannig skipuð:

Guðmundur Hálfðánarson prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands,
Helga Þórsdóttir, starfandi safnstjóri, tilnefnd af Byggðasafni Vestfjarða,
Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands,
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti,
Skúli Gautason menningarfulltrúi, tilnefndur af Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfjarða,
Þorsteinn Magnússon varaskrifstofustjóri, tilnefndur af skrifstofu Alþingis og
Kolbrún Halldórsdóttir verkefnisstjóri, formaður, skipuð án tilnefningar.

Með nefndinni starfaði Bjarni Snæbjörn Jónsson ráðgjafi.

Nokkur aðdragandi var að skipun nefndarinnar, sem m.a. má rekja til skipulagsbreytinga í stjórnkerfinu, en málefni Hrafnseyrar hafa verið flutt milli ráðuneyta í tvígang á undanförunum árum. Þau heyrðu undir forsætisráðuneytið fram til ársins 2012 þegar þau voru færð undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, en voru svo aftur flutt til forsætisráðuneytis 2017. Þá hreyfði það við málefnið að vefurinn www.jonsigurdsson.is, sem stofnað var til 2011 í tilefni 200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar, var óvirkur og raunar týndur í netheimum þegar grípa átti til hans í tengslum við 100 ára fullveldisafmælið 2018. Loks má nefna að talsverð þróun hefur orðið í vinnu við stefnumótun innan Stjórnarráðsins, sem miðar m.a. að því að gera stjórnsýsluna skilvirkari t.d. með því að tengja saman aðila sem sinna skyldum verkefnum fyrir hið opinbera þvert á ráðuneyti. Þannig kom valið á nefndarmönnum til og framsetning þess verkefnis sem nefndinni var falið að vinna. Nefndin kom saman til fimm funda á tímabilinu janúar – ágúst 2019, auk þess sem hún gekkst fyrir rýnifundi í maí þar sem tæplega sextíu manns, allt skapandi kunnáttufólk um málefnið var fengið til að rýna í málin með nefndinni með því að takast á við spurninguna um það hvers vegna halda bæri á lofti arfleifð Jóns Sigurðssonar og hvað væri mikilvægast að hafa í huga til að tilganginum með því starfi yrði náð.

Skýrsla þessi gerir grein fyrir starfi nefndarinnar og tillögum.

Tillaga að áætlun um heildstæða nálgun á inntaki, stjórnsýslu og miðlun arfleifðar Jóns Sigurðssonar. Í því augnamiði verði starfsemin á Hrafnseyri eflað og stofnaður formlegur samstarfsvettvangur þeirra aðila sem nú sinna opinberri menningarstarfsemi sem tileinkuð er ævistarfi og minningu Jóns Sigurðssonar.

Niðurstaða

Það er tillaga nefndarinnar að flutt verði á Alþingi stjórnartillaga um að gerð verði áætlun um heildstæða nálgun á inntaki, stjórnsýslu og miðlun arfleifðar Jóns Sigurðssonar. Í því augnamiði verði starfsemin á Hrafnseyri eflað og stofnaður formlegur samstarfsvettvangur þeirra aðila sem nú sinna opinberri menningarstarfsemi sem tileinkuð er ævistarfi og minningu Jóns Sigurðssonar.

Sú framtíðarsýn sem varð til í nefndarstarfinu og gerð er nánari grein fyrir í þessari skýrslu tekur mið af fjölbreyttum samfélagslegum þáttum og áherslum sem greina má í áformum stjórnvalda í málaflokkum á borð við mennta- og menningarmál, byggðamál, samþættingu áætlana og samhenta stjórnsýslu.

Gunnstoðir þeirrar sýnar eru:

- lifandi arfleifð
- uppspretta þekkingar
- aðlaðandi umgjörð
- samhæfð stjórn og rekstur

Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að byggja upp nútímalega þjónustu kringum arfleifðina, sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum almennings, ekki síður en fræðimanna, listamanna og hugsuða. Þjónustan verði skilvirk og miði að hindranalausni aðgengi, hún hafi tímalaut og alþjóðlegt inntak, sem styðjist við öflugar rannsóknir og fræðastarf, með það að markmiði að vera sú samfélagsdeigla sem hún hefur alla burði til.

Inntak starfseminnar verði skilgreint með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- arfleifð sem aflvaki og uppspretta lýðræðispróunar með alþjóðlegri skírskotun
- öflug og fjölbreytt miðlun grunngilda og sögu, bæði áþreifanleg sem og rafræn
- lifandi og eftirsóknarverð aðstaða sem laðar að fjöldann og skapar einstaka upplifun
- sveigjanleg og opin stjórnsýsla sem vísar til framtíðar og tengir ólíka aðila með skýrum markmiðum.

Það er tillaga nefndarinnar að stofnaður verði samstarfsvettvangur sem verði í formi skilgreinds tengslanets þeirra aðila sem komið hafa að nefndarstarfinu og að yfirumsjón með starfinu og framvindu þess hafi prófessor sá er gegnir starfi við Háskóla Íslands í nafni Jóns Sigurðssonar hverju sinni.

Einnig felst í tillögu nefndarinnar að starfsemin á Hrafnseyri verði byggð upp með áherslu á að þar geti risið nútímalegt fræðasetur með alþjóðleg tengsl, sem sinni fjölþættu hlutverki fyrir menntir og menningu þjóðarinnar auk þess sem það verði lyftistöng í byggðalegu tilliti. Til að stjórnsýsluleg staða starfseminnar á Hrafnseyri verði sú sama og annarra sambærilegra fræðasetra leggur nefndin til að öll umsýsla með starfseminni verði flutt frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmála-ráðuneytis. Jafnframt leggur nefndin til að sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar verði lagður niður í þeirri mynd sem

hann starfar nú, en að framlag hins opinbera til sjóðsins verði notað til varanlegrar hækkunar á Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Nefndin telur skynsamlegt að áform þessi verði sambætt aðgerðum sem tilgreind eru í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024, sem Alþingi samþykkti 11. júní 2018, enda falli þau afar vel að áætluninni, sérstaklega kafla A.3 um eflingu rannsókna og vísindastarfsemi.

Nefndin hefur haldið fundargerðir um störf sín auk þess sem nefndarmenn hafa lagt fram minnisblöð um ýmislegt í starfsemi sinna stofnana er varðar arfleifð Jóns Sigurðssonar. Fundargerðir og minnisblöð hafa verið vistuð í málaskrá forsætisráðuneytisins og eru því heimild um nefndarstörfin þó að ekki séu þau eiginlegur hluti skýrslunnar. Stuðst hefur verið við þessi gögn við ritun þeirra kafla sem hér fara á eftir. Þá er aukinn fróðleik að finna á heimasíðum einstakra stofnana og verkefna sem koma við sögu.

Hrafseyri

Hrafseyri við Arnarfjörð er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar og mótast starfsemin nokkuð af þeirri aðstöðu sem er á staðnum og því hvernig staðurinn er í sveit settur. Aðalbyggingin var upphaflega reist með þarfir héraðsskóla í huga og var hún tekin í notkun 1961 og stækkuð 1980 með viðbyggingu sem hýsir m.a. kapellu sem nýtist einnig sem fundarstaður og kennslustofa. Frá 2011 hefur Háskóli Íslands lagt starfseminni lið bæði faglega og fjárhagslega með því að koma að námskeiðahaldi og styrkja einstök verkefni sem unnin eru á staðnum. Í aðalbyggingunni er sýning um ævi og störf Jóns, sem opnuð var 2011 í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli hans, auk þess sem rekin er safnbúð á staðnum og kaffisala í burstabæ sem reistur var þar og tekinn í notkun 1997. Á Hrafseyri er einnig gömul kirkja sem vígð var 1886. Starfsemin á Hrafseyri miðast við sumarið eingöngu, enda lokast samgönguæðarnar, Hrafseyrarheiði og Dynjandisheiði, vegna snjóá yfir vetrartímenn. Gestkvæmt er á Hrafseyri. Gera má ráð fyrir að nálægt fimm þúsund gestir staldri við hvert sumar til að njóta þess sem staðurinn hefur að bjóða. Valdimar J. Halldórsson er staðarhaldari með ráðningarsamband við forsætisráðuneytið en safnbúðina og kaffisöluna rekur Ólöf Oddsdóttir skv. samningi við forsætisráðuneytið. Fram til ársins 2012 starfaði Hrafseyrarnefnd sem stjórnarnefnd yfir starfsemi staðarins, en var lögð af þegar málefni Hrafseyrar voru flutt til í stjórnsýslunni.

Háskóli Íslands

Prófessorsstarf tengt nafni Jóns Sigurðssonar var stofnað við Háskóla Íslands með ályktun Alþingis 2011. Var það gert í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns og aldarafmæli Háskóla Íslands. Guðmundur Hálfðánarson prófessor hefur gegnt stöðunni frá upphafi og hefur komið að fjölda viðburða og verkefna á Hrafseyri og víðar í byggðarlaginu þessi ár. Þar má nefna sumarnámskeið á Hrafseyri, fyrirlestra við Háskólasetur Vestfjarða, fjölbreyttar ráðstefnur og sýningar, gerð útvarpsþátta, námskeið um sögutengda ferðaþjónustu, ljósmyndagerð o.fl., auk þess sem embættið hefur stutt fjárhagslega við

ýmis verkefni, t.d. fornleifauppgröft í landi Hrafseyrar. Verkefni þessi varða ekki einungis ævi og störf Jóns Sigurðssonar heldur hafa mörg þeirra almenna skírskotun til menningar byggðarlagsins.

Þjóðminjasafn Íslands

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands er talsverður fjöldi gripa og ljósmynda úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Þáttum úr sögu hjónanna eru gerð skil í grunnsýningu safnsins. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og sinnir lögboðnu hlutverki sínu m.a. með því að miðla upplýsingum um gripa í vörslu safnsins á vefnum www.sarpur.is þar er að finna upplýsingar um gripina úr fótum þeirra hjóna. Þá á Þjóðminjasafnið í samstarfi við aðrar þjóðmenningarstofnanir sem varðveita bækur úr dánarbúinu og skjöl tengd Jóni Sigurðssyni, svo sem Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þjóðminjasafn Íslands hafði veg og vanda af sýningu þeirri sem sett var upp í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins. Sýningin ber yfirskriftina *Heimili Ingibjargar og Jóns – Miðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn 1852–1879*. Að baki henni liggja rannsóknir á munum úr dánarbúinu, sagnfræðirannsóknum og byggingasögulegum rannsóknum á íbúðinni sjálfri.

Jónshús

Húseignin Østervoldgade 12 í Kaupmannahöfn, sem var bústaður Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur á árunum 1852–1879, er í eigu Alþingis sem hefur rekið þar fjölþætta starfsemi síðan húsið var tekið í notkun 1970. Í meginatriðum gegnir húsið hlutverki félagsheimilis Íslendinga sem búsettir eru í Kaupmannahöfn og tengist einungis lítill hluti starfseminnar arfleifð Jóns Sigurðssonar með beinum hætti. Þar er annars vegar um að ræða fyrrnefnda sýningu á heimili Jóns og Ingibjargar og hins vegar hátíð Jóns Sigurðssonar, sem haldin er sumardaginn fyrsta ár hvert, en við það tilefni veitir forseti Alþingis verðlaun Jóns Sigurðssonar. Af annarri starfsemi má nefna rekstur tveggja íbúða fyrir fræðimenn, íslenskuskóla fyrir börn auk aðstöðu fyrir fjölbreytta starfsemi félaga, kóra og fyrirtækja Íslendinga í Kaupmannahöfn. Yfirumsjón hússins er í höndum stjórnar sem forseti Alþingis skipar að höfðu samráði við forsætisnefnd og ræður stjórnin umsjónarmann hússins og annað starfsfólk. Núverandi umsjónarmaður er Hallfríður Benediktsdóttir. Um starfsemi hússins gilda reglur settar af forsætisnefnd Alþingis. Þær reglur taka einnig til verðlauna Jóns Sigurðssonar.

Gjöf Jóns Sigurðssonar

Sjóðurinn Gjóf Jóns Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt erfðaskrá Ingibjargar Einarsdóttur, ekkju Jóns Sigurðssonar. Alþingi samþykkti reglur um sjóðinn 1881, sem staðfestar voru af konungi 27. apríl 1882. Sjóðurinn veitti fræði- og vísindamönnum viðurkenningu (verðlaun) fyrir vel samin rit og styrkti útgáfu þeirra, en sakir verðbólgu varð sjóðurinn lítils megnugur og lágu styrkveitingar úr honum niðri árum saman. Hinn 29. apríl 1974 samþykkti Alþingi tillögu um að efla sjóðinn með árlegu framlagi sem jafngilda átti árslaunum prófessors við Háskóla Íslands. Áform um þær fjárveitingar hafa ekki gengið eftir, frá árinu 2012 hefur árlegt framlag til sjóðsins numið 6,6 milljónum króna. Auglýst er eftir umsóknum og úthlutað á tveggja ára fresti styrkjum til 12–18 verkefna. Sjóðurinn hefur verið í umsjá og vörslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins síðan 2012. Frá þeim tíma hefur verðlaunanefnd verið kosin af Alþingi til tveggja ára í senn.

Vestfjarðastofa og Byggðasafn Vestfirðinga

Málefni tengd arfleifð Jóns Sigurðssonar hafa ekki verið sjálfstæð úrlausnarefni á vettvangi þessara stofnana, en stuðningur til tengdra verkefna hefur komið úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða á síðustu árum. Sjóðurinn heyrir til sóknaráætlunar landsfjórðungsins og er honum ætlað að vera lyftistöng í

atvinnulífi, menntun og menningu svæðisins. Af verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt og varða Hrafnseyri beint má nefna fornleifarannsóknir í Arnarfirði undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur, fornleifafræðings á Náttúrustofu Vestfjarða.

www.jonsigurdsson.is

Í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar fjármöggnuðu stjórnvöld ýmsa viðburði og verkefni til að heiðra minningu hans. Tvö þessara verkefna voru viðamest, annars vegar uppbygging á Hrafnseyri sem fól í sér vinnu við sýningu um ævi Jóns og störf „Líf í þágu þjóðar“, sem hönnuð var af Basaltarkitektum með margmiðlunarefni eftir Gagarín við texta eftir Guðjón Friðriksson. Hins vegar var fjármögguð vinna við vefsetrið www.jonsigurdsson.is. Framkvæmd þessara verkefna var í höndum sérstakrar afmælisnefndar sem starfaði á grundvelli þingsályktunar frá 2007. Þegar afmælisárinu lauk var ekki sinnt um það að fela umsjón vefsvæðisins neinum einum aðila, sem varð til þess að vefnum hefur ekkert verið sinnt frá því að hann var settur upp þangað til í fyrra. Þegar fullveldisafmælið var í undirbúningi kom í ljós að vefurinn um Jón Sigurðsson hafði horfið undir yfirborðið í netheimum og þurfti að leggja í talsverðan kostnað við að endurheimta hann úr þeim álögum.

Ákveðið var að efna til samtals við fjölbreyttan hóp fólks sem miðlaði af þekkingu og innsæi sjónarmiðum sem urðu innlegg í starf og niðurstöðu nefndarinnar. Samtalið fór fram á rýnifundi þar sem grundvallarspurningar um mikilvægustu þætti málsins voru til umfjöllunar með það að markmiði að skapa heildstæða sýn og stefnu um aðgerðir og þróun.

Rýnifundur 6. maí 2019

Á vordögum ákvað nefndin að opna vinnuna og kalla fleiri til liðs við sig í þessu margslungna verkefni. Gengið var til samstarfs við Bjarna Snæbjörn Jónsson ráðgjafa, sem hefur sérhæft sig í ráðgjöf um stefnumótun hvers konar. Að ráði varð að kalla til sérstaks rýnifundar kunnáttufólks um Jón Sigurðsson með það fyrir augum að fá fram sjónarmið sem flestra er láta sig varða arfleifð Jóns og Ingibjargar, en einnig að leita til fagfólks í menningarmiðlun og sýningarhönnun til að sjónarhornið yrði sem víðast.

Níutíu fundarboð voru send út og til fundarins, sem haldinn var á Grand Hótelu 6. maí 2019, skiluðu sér 54 þátttakendur. Lista yfir þátttakendur er að finna í gögnum nefndarinnar í málaskrá forsætisráðuneytis.

Í fundarboði var kallað eftir liðsinni frá fjölbreyttum hópi fólks sem miðlað gæti af þekkingu og innsæi sjónarmiðum sem yrðu innlegg í starf og niðurstöðu nefndarinnar. Markmiðið væri að skapa nýjan efnivið í heildstæða sýn og tilheyrandi stefnu um aðgerðir og þróun þess starfs sem hið opinbera annaðist til að heiðra og halda lifandi minningu Jóns Sigurðssonar. Í huga nefndarmanna var einnig sá ásetningur að leita upplýsinga um það hvort almennur vilji væri til þess að þróa áfram starfið á Hrafnseyri og þá með hvaða hætti, enda þess þáttar sérstaklega getið í erindisbréfi nefndarinnar.

Fyrir fundinum lágu þessar tvær spurningar:

Hvers vegna eigum við að halda á lofti arfleifð Jóns Sigurðssonar?

Hverju er mikilvægast að huga að til þess að tilganginum verði náð?

Þátttakendum var skipt í níu hópa á jafn mörgum borðum og var umræðan í tveimur lotum. Strax varð mikil stemning í fundarsalnum og fjörugar umræður sem borðstjórar gerðu grein fyrir í lok hvorrar lotu. Að fundinum loknum var afrakstur vinnunnar í hverjum hópi sleginn inn í tölvu og útfærður af Bjarna Snæbirni Jónssyni til að auðveldara yrði fyrir nefndina að vinna með niðurstöðurnar. Efniviðurinn fylgir gögnum nefndarinnar í heild sinni og ætti að nýtast sem hugmyndabanki fyrir nánari útfærslu einstakra þátta verkefnisins.

Þegar niðurstaða fundarins var dregin saman varð ljóst að breið samstaða virtist meðal fundarmanna um nokkra meginþætti málsins:

- a) að sköpuð yrði langtímasýn sem tryggði nærtæka og tímalausa arfleifð sem væri í sífelldri mótun,
- b) að komið yrði á samþættri stjórnsýslu um arfleifðina sem þjónaði fjölbreyttum hagsmunum,
- c) að starfsemin á Hrafnseyri yrði þróuð áfram með þeim hætti að hún tengdi saman fortíð, nútíð og framtíð.

Í næstu köflum skýrslunnar verður gerð grein fyrir einstökum þáttum þess verkefnis sem nefndinni var falið og rýnifundurinn hjálpaði til við að setja í samhengi við líf og störf fólksins í landinu.

Hér eftir verður greint frá nálgun nefndarinnar við að greina þær áherslur sem umræðan á rýnifundinum skilaði og því næst hvernig nefndarmenn telja skynsamlegt að innleiða þær breytingar sem nýjar áherslur kalla á. Myndirnar sem fylgja textanum varpa ljósi á aðferðafræðina sem og niðurstöðurnar.

Framtíðarsýn og grunnstoðir stefnu


Í gegnum tíðina hefur viðleitni til þess að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar sem sjálfstæðishetju Íslendinga birst í ýmsum myndum og um þá viðleitni hefur myndast tiltekin umgjörð sem er ekki endilega hagfelld. Í því sambandi má nefna að málefni honum tengd heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti og margar ólíkar stofnanir, svo sem sjá má af því hvaða aðilar hafa verið fengnir til að skipa fulltrúa í þá nefnd sem er ábyrg fyrir vinnunni sem skýrsla þessi greinir frá.

Spurningarnar sem unnið var með á rýnifundinum voru af tvennum toga, annars vegar um það hvers vegna halda ætti á lofti arfleifð Jóns Sigurðssonar og hins vegar að hverju þyrfti að huga til að tilganginum yrði náð.

Greinilegur samhljómur var meðal fundarmanna um mikilvægi þess að halda á lofti arfleifð Jóns, og áberandi hversu sammála fólk var um nauðsyn þess að hefja Ingibjörgu, eiginkonu Jóns, til vegs og virðingar og varpa ljósi á þátttöku hennar í ævistarfi hans. Almenn töldu fundarmenn þörf á að bæta aðgengi að arfleifðinni og færa miðlunaraðferðir til nútímalegra horfs, með það að leiðarljósi að saga Jóns höfðaði til fólks á hverjum tíma, almennings á öllum aldri, ekki síður en til fræðimanna, listamanna og hugsuða. Einnig var samhljómur meðal fundarmanna um mikilvægi þess að gera arfleifðina sýnilegri en nú er og gera hana nærtæka öllum sem hefðu áhuga á að nálgast hana. Þessir þættir, tímaleysi arfleifðarinnar og aðgengi að henni, verða best tryggðir með því að setja niður vel skilgreind markmið sem eru þó það sveigjanleg og opin að tryggja megi sífellda mótun hennar.

Sú framtíðarsýn sem kom fram á rýnifundinum útheimtir að starfsemi tengd nafni og minningu Jóns Sigurðssonar sé eftirsóknarverð fyrir þá skilgreindu hópa og einstaklinga sem ætla má að vilji nýta sér hana, einnig að þjónustan kringum starfsemina sé skilvirk og miði að hindranalausni aðgengi. Hún hafi tímalaut og alþjóðlegt inntak sem styðjist við öflugar rannsóknir og fræðastarf til þess að hún verði sú samfélagsdeigla sem hún hefur alla burði til að vera.

Grunnstoðir slíkrar stefnu eru nokkuð ljósar; þær eru lifandi arfleifð, uppspretta þekkingar, aðlaðandi umgjörð og samhæfð stjórn og rekstur. Til að greina hverja stoð fyrir sig þarf að brjóta málin til mergjar, skoða bæði inntak starfseminnar og stjórnsýslu, og er það efni næsta kafla skýrslunnar.



Grunnstoðir, markmið og lykiláherslur

Sú sýn sem birtist þegar grunnstoðirnar eru greindar hver fyrir sig leiðir í ljós markmið hverrar og einnar ásamt lykiláherslum í inntaki hverrar fyrir sig.



Hér ber að hafa í huga að markmið og áherslur þeirra grunnstoða sem settar eru fram á teikningunni koma frá þátttakendum rýnifundarins 6. maí. Hvort tveggja á sér rætur í samtali þátttakendanna og er textinn unnin upp úr niðurstöðum hópavinnunnar. Rétt er að minna á þann samhljóm sem kom fram í greinargerðum hópanna og þó að orðalag hafi verið með ýmsu móti þá gefur textinn hér skýra mynd af inntakinu. Allt efnið sem varð til á fundinum hefur verið vistað í málaskrá forsætisráðuneytisins sem hluti af vinnu nefndarinnar og getur því nýst sem brunnur hugmynda fyrir áframhaldandi vinnu við verkefnið.

Ef litið er sérstaklega á markmiðin sem hér hafa verið greind, og nefndin telur eiga vel við óskastöðuna í inntaki þeirrar opinberu starfsemi sem tengd er ævi og starfi Jóns Sigurðssonar, þá eru þau eftirfarandi:

- Arfleifð sem aflvaki og uppspretta lýðræðisþróunar með alþjóðlegri skírskotun
- Öflug og fjölbreytt miðlun grunngilda og sögu, bæði ápreifanleg sem og rafræn
- Lifandi og eftirsóknarverð aðstaða sem laðar að fjöldann og skapar einstaka upplifun
- Sveigjanleg og opin stjórnsýsla sem vísar til framtíðar og tengir ólíka aðila með skýrum markmiðum.

Þegar rýnt er í þessa sýn og hún borin saman við stöðu þeirra verkefna sem nú eru starfrækt í krafti minningarinnar um Jón Sigurðsson blasir við að ráðast þarf í nokkrar breytingar á því sem fyrir er. Slíkar breytingar varða jafnt stjórnsýslu verkefnanna sem inntak og innihald. Ljóst er að margar þeirra kæmu til með að útheimta talsverð fjárútlát, en segja má að kjarni hugmyndanna sem liggja að baki eigi samhljóm í stefnu stjórnvalda í byggðamálum sem og mennta- og menningarmálum.

Umfjöllunin hér að framan hefur verið nokkuð almenns eðlis og er það með ráðum gert að nálgast viðfangsefnið í upphafi frá nokkuð víðu sjónarhorni, en nú er rétt að þrengja það ögn og beina sjónum að einstökum þáttum þess.

Uppbygging á Hrafnseyri

Framar í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem opinberir aðilar, ráðuneyti, Alþingi, mennta- og menningarstofnanir, hafa á sinni könnu og tengjast minningunni um Jón Sigurðsson sem sterkasta áhrifavald í sjálfstæðissögu Íslendinga. Fram að þessu hefur lítil tenging verið milli þessara verkefna ef frá er talið samstarf Háskóla Íslands og Hrafnseyrar, og samstarf Alþingis og Þjóðminjasafns Íslands um sýningu í Jónshúsi í tengslum við fullveldisafmælið 2018. Af hugmyndum um endurnýjað inntak og nútímalegri stjórnsýslu er ljóst að ýmsu þarf að breyta til að sú nýja sýn gangi eftir. Í því sambandi er eðlilegt að beina sjónum fyrst að Hrafnseyri, sem hefur óneitanlega talsverða sérstöðu í samanburði við önnur verkefni. Starfsemin þar hefur glímt við fjölþættan vanda síðustu ár svo sem fram kemur í ársskýrslum og öðrum tengdum gögnum um starfsemina, sem aðgengileg eru á vefnum www.hrafnseyri.is. Sá vandi á að miklu leyti rætur að rekja til einangrunar staðarins, bæði landfræðilegrar og stjórnsýslulegrar. Þetta er undirstrikað í greinargerð staðarhaldara um framtíð starfseminnar, sem nefndin kynnti sér í aðdraganda nefndarstarfsins. Þessir sömu þættir birtust einnig í sjónarmiðum fundargesta á rýnifundinum 6. maí. Þar kom þó vel í ljós að starfsemin á Hrafnseyri hefur talsverðan meðbyr og fjöldi hugmynda að framþróun starfseminnar bíður þess að afstaða verði tekin til þeirra.

Nefndin hefur í vinnu sinni skoðað þessar hugmyndir og telur að í starfseminni á Hrafnseyri felist mikil tækifæri, sem falla vel að fjölþættum áherslum stjórnvalda í byggðamálum og mennta- og menningarmálum. Þau tækifæri verði hins vegar ekki nýtt við óbreyttar aðstæður, nauðsynlegt sé að gera átak í uppbyggingu staðarins, breyta þar innviðum, tengja starfið sterkari böndum við önnur verkefni á vettvangi mennta og menningar, en mikilvægast sé að opna aðgengi að staðnum allan ársins hring.


Myndin sem hér fylgir lýsir þeim leiðum sem nefndin telur færar varðandi uppbyggingu á Hrafnseyri. Þeim mætti skipta í áfanga. Rétt er að vekja athygli á því að 1. áfangi myndi nægja til að starfsemin á Hrafnseyri lifði af, en 2. áfangi er nauðsynlegur ef ákveðið verður að víkka starfsemina út, þróa hana til nútímalegra horfs út frá heildrænni sýn á arfleifð Jóns Sigurðssonar og tryggja sem bestan árangur af starfinu.

Samhæfð og samhent stjórnsýsla starfar eftir skýrum markmiðum og hefur víðtækar tengingar við samstarfsaðila eftir því sem þörf er á til þess að tryggja árangur


1. áfangi	2. áfangi
Uppbygging á Hrafnseyri	Lifandi tímalaus arfleifð
<ul style="list-style-type: none">• Byggja upp starfsemi á Hrafnseyri sem er í senn skynsamleg og raunhæf.• Áhersla á sýningarstarf, fræðasetur og áhugaverðan og lifandi áfangastað• Gott aðgengi með nauðsynlegum vegabótum frá syðri gangnamunna• Tenging við aðra starfsemi á svæðinu (byggðamál) sem og sögu, náttúr og menningu• Þróa sýningarstarf út frá því sem nú er og bæta við t.d. sögusýningu staðarins o.fl. sem eykur aðsókn og getur verið menningarleg lyftistöng í héraði	<ul style="list-style-type: none">• Öflugt rannsóknar og fræðastarf sem miðar að því að tengja saman fortíð, nútíð og framtíð í eitt tímalautt samhengi .• Sífelld og fjölbreytt úrvinnsla á arfleifð Jóns og Ingibjargar í samhengi samfélagsmála í nútíð og framtíð• Hrafnseyri sem grunnur, en samtengt annarri starfsemi sem tengist arfleifð s.s. vef, Húsi JS, Þjóðminjasafni og Byggðasafni VFj.• Lifandi, víðtæk og nútímaleg miðlun sem eykur áhuga og mótar einstaka upplifun innlendra sem erlendra gesta

Áfangaskipt áform

Hér má sjá hugmyndina um áfangana tvo í myndrænni útfærslu. Fyrri áfanginn gerir ráð fyrir að núverandi aðstaða verði bætt og aðgengi að henni tryggt með það að markmiði að auka eftirspurn eftir því sem staðurinn hefur fram að færa. En til að nýta tækifærin til fulls þyrfti að víkka starfsemina til muna. Nærtækt væri að stofna menningar- og fræðasetur sem hefði skírskotun út fyrir landsteinana og gæti átt í samstarfi við sambærileg setur í öðrum landsfjórðungum, t.d. Snorrastofu í Reykholti og Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Slík áform voru raunar uppi hjá stjórnvöldum í tengslum við hátíðarhöldin 2011. Eigi þessi áform að ganga eftir nú er mikilvægt að endurbæta gamla skólahúsið og alla aðstöðu á staðnum, endurnýja sýninguna og auka fjölbreytni hennar, auk þess sem gera þyrfti Hrafnseyri að margþættum og eftirsóknarverðum áfangastað fyrir ferðafólk og gesti allan ársins hring.



Til áhersluauka er rétt að gera frekari grein fyrir því hvað felst í hugmyndum um nútímalega og lifandi arfleifð. Hér fylgir myndræn útfærsla á því inntaki, þar sem lýst er nýrri nálgun á þá starfsemi sem eftirsóknarvert væri að þróa á Hrafnseyri, starfsemi sem gæti orðið aflvaki samfélagsþróunar með vídtæka miðlun og fræðastarf í brennidepli.




Breytt nálgun í stjórnsýslu

Inntakið í umræðu rýnihópsins 6. maí var tvíþætt. Annars vegar að skapa þyrfti langtímasýn um fjölpætta arfleifð Jóns Sigurðssonar sem væri í stöðugri mótun, hefði víða skírskotun og gott aðgengi. Hins vegar að umsýsla og ábyrgð verkefnanna sem hverfast um arfleifðina yrði samræmd og tengdist innbyrðis. Þá var áberandi sá vilji hópsins að starfsemin á Hrafnseyri yrði þróuð áfram og hún færð til nútímalegra horfs með þeim hætti að hún tengdi saman fortíð, nútíð og framtíð. Hugmyndum er varða þróun starfseminnar á Hrafnseyri hafa verið gerð nokkur skil hér að framan, en nú er rétt að víkka sjónarhornið og horfa heildstætt yfir sviðið.

Þegar hefur verið vikið að því hversu mörgum aðilum hefur verið falin formleg umsýsla með málefnum tengdum arfleifð Jóns Sigurðssonar. Þar eru bæði menntastofnanir og menningarstofnanir á borð við Háskóla Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og aðrar þjóðmenningarstofnanir, t.d. Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, auk Alþingis sem rekur Jónshús í Kaupmannahöfn og svo starfsemin á Hrafnseyri, sem þegar hefur verið lýst rækilega. Þá er ótalið vefsetrið í nafni Jóns, sem skortir heimilisfesti, og eflaust er eitthvað ótalið. Loks skiptir máli í þessu sambandi að umsýsla verkefnanna dreifist um stjórnkerfið, enda eru bæði verkefni og ábyrgðaraðilarnir af ólíkum toga og því ekki sjálfgefið að þeir sameinist um verkefni á borð við það að sinna arfleifð Jóns Sigurðssonar. Engu að síður væri það í samræmi við hugmyndir um samhenta stjórnsýslu og skapandi samstarf á vettvangi opinberra aðila ef þeir leiddu saman hesta sína og stæðu sameiginlega að innleiðingu endurnýjaðrar stefnu um málefnið.

Lykilatriði varðandi samhenta stjórnsýslu er áherslubreyting við skilgreiningu ábyrgðar og samskiptaleiða. Þróunin frá hefðbundnu stigveldi (e. hierarchy) yfir í tengslanet (e. network) liggur gegnum millistig sem í fræðunum kallast „tengslanet innan stigveldis“ og má nú finna víða í opinberri stjórnsýslu.



Ef horft er til stjórnsýslu í ljósi þeirra verkefna sem þegar er sinnt af opinberum aðilum og tengjast arfleifð Jóns Sigurðssonar með einhverjum hætti þá er áberandi sú staðreynd að engin heildstæð sýn eða samræmd stjórnsýsla er fyrir hendi um þau, sem stríðir gegn því markmiði að samfélagið fái sem mest fyrir þann mannauð og það fjármagn sem veitt er til þessara verkefna. Til að marka nýja braut í þessum efnum þarf því að skýra sýnina, skilgreina markmiðin, treysta stjórnsýsluna, tryggja fjármögnunina og innleiða samstarf og samhæft verklag á grundvelli sameiginlegrar áætlunar.

Markmiðin ráði för

Eftir samtalið sem farið hefur fram á vegum nefndarinnar er um það samstaða meðal nefndarmanna að leggja til við stjórnvöld, og þá sem aðild eiga að nefndarstarfinu, að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi þeirra sem hlut eiga að máli. Samstarfsvettvangurinn taki mið af uppbyggingu formlegs tengslanets undir forystu Háskóla Íslands. Í tengslanetinu verði skilgreindir ábyrgðaraðilar einstakra verkþátta, samskiptabrautir verði teiknaðar upp og samin áætlun um framvindu sem verði leiðarljós þeirra sem taka að sér að framfylgja áætluninni.

Varðandi hugmyndina um tengslanet af þessu tagi þá er það mat nefndarinnar að mikilvægt sé að nýta þá þekkingu sem fyrir er og kemur fram í verkefnum. Því ganga tillögur nefndarinnar út frá því að þeir sem nú bera ábyrgð á verkefnum í tengslum við arfleifð Jóns Sigurðssonar verði máttarstólpar í því tengslaneti sem komið verður á lagginnar.

Óskastaðan að mati nefndarinnar lýsir sér í þeim hugmyndum sem voru mest áberandi á rýnifundinum 6. maí og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Þær hugmyndir og þau markmið sem þar voru skilgreind eru því grundvöllur tillagna nefndarinnar:

- að sköpuð verði langtímasýn sem tryggi nærtæka og tímalausa arfleifð sem er í sífelldri móttun
- að komið verði á samþættri stjórnsýslu um arfleifðina sem þjóni fjölbreyttum hagsmunum
- að starfsemin á Hrafnseyri verði þróuð áfram með þeim hætti að hún tengi saman fortíð, nútíð og framtíð

Mögulegir áfangar í metnaðarfullri framtíðarsýn til fimm ára:



Metnaðarfull framtíðarsýn

Sýn sú sem tillögur nefndarinnar byggjast á hvílir á upplegginu sem nefndin fékk í veganesti í erindisbréfi og þeim grunnstoðum sem skilgreindar hafa verið í nefndarstarfinu.

Þeim er ætlað að innleiða nútímalega umsýslu um þau opinberu verkefni er varða arfleifð Jóns Sigurðssonar með það að markmiði að auka sýnileika og aðgengi að henni svo að hún verði lifandi og nærtæk hverjum þeim sem í hana vill leita.

Með þetta að leiðarljósi leggur nefndin til að gerð verði áætlun um að á Hrafnseyri verði starfrækt öflugt fræða- og menningarsetur þar sem boðið verði upp á aðstöðu fyrir fræðimenn, listamenn og hugsuði. Setrið geti orðið hlekkur í keðju fræðasetra á landsbyggðinni, sem hafa það sameiginlega markmið að afla þekkingar, dýpka hana og færa áfram til nýrra kynslóða um leið og þau efla menningarstarf og atvinnulíf í dreifbýli. Einnig verði stefnt að því að náttúru og sögu byggðarlagsins verði gerð viðeigandi skil í umgjörð og kynningu staðarins með það að markmiði að Hrafnseyri verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna. Jafnvel mætti hugsa sér að Hrafnseyri verði nokkurs konar hlutlaus miðja Vestfjarða þegar Dýrafjarðargöng hafa verið tekin í gagnið þar sem einungis eru um 10 km frá gangamunnum heim að staðnum. Nefndin telur sjálfsagt að lagt verði mat á kosti þess að leggja þann vegarkafna bundnu slitlagi og tryggja með því aðgengi að Hrafnseyri allan ársins hring.

Það er mat nefndarinnar að uppbygging af þessu tagi sé í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024. Þar mætti nefna þætti á borð við samþættingu áætlana, þverfaglegt landsbyggðarteymi og eflingu rannsókna og vísindastarfsemi. Sérstaklega er tilefni til að undirstrika það síðastnefnda, en um þann þátt segir í áætluninni:

að auka skuli rannsóknavirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni. Efla grunngerð og afl þekkingar- og rannsóknasetra sem byggjast á svæðisbundinni sérstöðu samfélags, atvinnulífs og/eða náttúru. Stuðla að faglegum tengslum þeirra á milli og við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Með enn frekara samstarfi verði mannauður og aðstaða nýtt betur og aðgengi nemenda og fræðimanna að auðlindum menningar og náttúru landsins stóraukið. Ábyrgð á þessum þætti er falin mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir, þekkingar- og rannsóknasetur, Þjóðminjasafnið, bókasöfn o.fl.

Í ljósi þessarar stefnu stjórnvalda og þess samhljóms sem greinilegur var á rýnifundi nefndarinnar um endurbætta aðstöðu og fjölþættari starfsemi á Hrafnseyri telur nefndin að óbreytt ástand á Hrafnseyri sé ekki valkostur, enda myndi slíkt í raun þýða að starfsemin legðist hægt og rólega af. En þar sem talsverðar lagfæringar þurfa að eiga sér stað á húsakosti og annarri aðstöðu á staðnum til að framtíðaráform af þessu tagi geti gengið eftir telur nefndin skynsamlegt að leita eftir breiðri samstöðu við stjórnvöld og leggur því til að flutt verði tillaga til þingsályktunar á Alþingi um uppbyggingu á Hrafnseyri í bland við þá heildstæðu nálgun á umsýslu arfleifðarinnar, sem gerð hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari.

Til að stjórnsýsluleg staða þeirrar starfsemi sem hér hefur verið fjallað um verði í sem mestu samræmi við skyld verkefni hins opinbera leggur nefndin til að öll umsýsla með starfsemi á Hrafnseyri færist frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt leggur nefndin til að sjóðurinn *Gjöf Jóns Sigurðssonar* verði lagður niður í þeirri mynd sem hann starfar nú, en að framlag hins opinbera til sjóðsins verði notað til varanlegrar hækkunar á *Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna*. Tillagan er studd þeim rökum að *Launasjóður fræðirithöfunda*, sem stofnað var til með reglugerð nr. 268/1999 og leystur af hólmi með reglum um *Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna* í janúar 2013, gegni í raun sama tilgangi og sjóðurinn *Gjöf Jóns Sigurðssonar* frá 1881. Nefndin telur að breyting þessi fari einnig saman við þann vilja stjórnvalda að einfalda sjóðakerfi lista og menningar og gera það skilvirkara.

Grunnstoðir þeirrar framtíðarsýnar sem lögð er til:

- * lifandi arfleifð*
 - * uppspretta þekkingar*
 - * aðlaðandi umgjörð*
 - * samhæfð stjórnun og rekstur*
-

Mikilvægt er að undirstrika að líta ber á þá valkost sem gerð er grein fyrir í skýrslu þessari og varða þróun uppbyggingar á Hrafnseyri sem sjálfstæða áfanga í skilgreindri langtímasýn þar sem einn kostur útilokar ekki annan.